

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Grindavíkur.

1. gr.

Vatnsgjald.

Vatnsgjald skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 er eftirfarandi:

Vegna eigna skv. a-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,14% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. b-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,25% af fasteignamati.

Vegna eigna skv. c-lið 3. gr. laga nr. 4/1995: 0,25% af fasteignamati.

Gjaldagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

2. gr.

Mælaleiga.

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

<i>Nafnmál / "</i>	<i>Kennitákn</i>	<i>Mælaleiga kr. pr. ár</i>	<i>Mælaleiga kr. pr. dag</i>
<25 / 1"	25	7.396	20,26
30 / 1¼"	30	7.842	21,49
40 / 1½"	40	9.660	26,47
50 / 2"	50	12.811	35,10
65 / 2½"	65	19.432	53,24
80 / 3"	80	27.993	76,69
100 / 4"	100	35.770	98,00
150 / 6"	150	41.243	112,99

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

3. gr.

Heimæðar.

Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Grindavíkur við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og sampykkt af Vatnsveitu Grindavíkur.

<i>Pvermál heimæðar, plast</i>	<i>Verð miðað við byggingar-vísítolu 113,4 fyrir apríl 2012. Lengd heimæðar 0-35 metrar</i>	<i>Verð á metra umfram 35 metra</i>
< 32	168.418 kr.	1.684 kr.
40	217.922 kr.	2.179 kr.
50	282.109 kr.	2.821 kr.
63	406.831 kr.	4.068 kr.
75	543.580 kr.	5.436 kr.
90	883.188 kr.	8.832 kr.
110	791.110 kr.	7.911 kr.
160	1.034.417 kr.	10.344 kr.

Stærð heimæðar er ákvörðuð af Vatnsveitu Grindavíkur í samræmi við ósk kaupanda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 25.000 kr.

4. gr.

Graftargjöld.

Gjald vegna ídráttarröra, fleyginga og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothaft greiðist vegna skurðgraftar 9.881 kr./lengdarmetra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á:

Klaki/klöpp	dýpt sm	kr./lengdarmetra
klaki/klöpp	< 30	3.155
klaki/klöpp	> 30	6.366

5. gr.

Aukavatnsgjald.

Aukavatnsgjald 15 kr./m³ skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisþarfa.

6. gr.

Vísítölubinding.

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísítolu 1. apríl 2012, 113,4 stig og breytast samkvæmt henni á sex mánaða fresti (1. janúar og 1. júlí).

7. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarstjórn Grindavíkur 6. júní 2012 og öðlast þegar gildi. Gjaldskráin er sett með vísan í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og reglugerð nr. 401/1995 um vatnsveitur sveitarfélaga.

Grindavík, 28. ágúst 2012.

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri.